




Morgunblaðið/Sverrir

Tveir ökumenn slösuðust


Harður árekstur varð á mótum Flókagötu og Rauðarárstígs um klukkan 16.30 á laugardag. Þar skulu saman tvær bifreiðar, Ford Escort og Citroen. Ökumenn beggja bifreiðanna voru fluttir á slysadeild. Bifreiðarnar voru mikið skemmdar og voru fluttar af vettvangi með aðstoð kranabíls.

Stúdentaleikhúsið – síðustu sýningar

SÝNINGUM Stúdentaleikhússins á þremur leikþáttum undir samheitinu Menn, Menn, Menn er að ljúka.

Ásgeir Sigvaldason er leikstjóri verkanna en höfundarnir eru Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sindri Freysson og Bergljót Arnalds. Aðstandendur leikhússins eru ungt listafólk úr ýmsum áttum.

Leikmynd og búningar eru unnin af nemendum úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Eyþór Arnalds semur tónlist og flytur auk nema úr Tónlistarskóla Reykjavíkur, lýsingu hönnuðu Jóhann Pálmason og Egill Örn Arnarson en alls hafa um 60 manns starfað að sýningunni.



Eitt atriði úr verkinu Menn, Menn, Menn.

Útgreiðslur úr ríkissjóði:

Barna- og húsnæðisbætur beint inn á bankareikning

STEFNT er að því að sem flestir móttakendur barnabóta og húsnæðisbóta úr ríkissjóði fái í framtíðinni fjárgreiðslurnar beint inn á bankareikning sinn í stað póstsendra ávísana einsog verið hefur venjan. Við þetta batnar þjónusta við þessa viðskiptamenn ríkissjóðs, öryggi eykst við útgreiðsluna og ríkissjóður sparar fé við útskrift ávísana og eftirlit með þeim.

Ákveðið hefur verið að bótabætur úr hópi starfsmanna ríkisins, starfsmanna Reykjavíkurborgar, bankamanna og bótapega Tryggingastofnunar fái greiðslur sínar beint inn á launareikning nú 1. maí — nema annars sé sérstaklega óskað. Móttakendur barnabóta úr þessum hópum eru nú um 22 þúsund talsins.

Aðrir móttakendur barna- og húsnæðisbóta geta fengið bæturnar á reikning sinn með því að fylla út eyðublað sem nú liggur frammi í öllum útibúum banka og sparisjóða á landinu.

Foreldrar fá barnabætur greiddar hvor í sínu lagi þótt um hjón sé að ræða. Þess vegna er allnokkuð

um að annað hjóna er í þeim hópi sem nú fær bæturnar sjálfkrafa inn á reikning en hitt fær sent ávísun með gamla laginu. Af tæknilegum ástæðum geta hjón því miður ekki látið leggja bætur sínar á sameiginlegan reikning — notuð er kennitala móttakanda við greiðslurnar — en útibú banka og sparisjóða eru reiðubúin til aðstoðar um hentuga lausn ef leitað er eftir.

Rétt er að geta þess að útgreiðslurnar verða eftirleiðis sem hingað til skuldajafnaðar þegar vantar á skattgreiðslur bótapega.

310 þúsund ávísanir á ári

Barnabætur eru á árinu áætlaðar

4,85 milljarðar króna, og eru greiddar út fjórum sinnum á ári — 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Um næstu mánaðamót renna 1,178 milljónir úr ríkissjóði til um 70 þúsund barnabótapega, og má ætla að tæpur þriðjungur þess fjár, eða nálægt 400 milljónum, fari nú beint inn á bankareikninga móttakendanna.

Vaxtabætur og aðrar húsnæðisbætur eru áætlaðar 2,8 milljarðar á þessu ári, og eru greiddar í einu lagi í ágúst. Samtals er hér um að ræða tæplega 7,7 milljarða króna.

Í fyrra voru alls sendar út 310.006 ávísanir til móttakenda barnabóta og húsnæðisbóta.

Fjármálaráðuneytið hefur þegar sent út bréf til allra þeirra sem nú fá sjálfkrafa greitt inn á reikning sinn og kynnt þeim hina nýju skipan.

(Úr fréttatilkynningu)

58 úthlutað starfs- launum listamanna

Í FJÁRLÖGUM 1991 eru til umráða 21 milljón og 810 þús. kr. til starfslauna listamanna. 220 umsóknir bárust að þessu sinni og sóttu listamenn ýmist um 3, 6, 9 eða 12 mánaða starfslaun. Miðað er við mánaðarlaun í lfl. 143-5, þ.e. 74.049 kr.

58 listamenn hlutu starfslaun að þessu sinni sem hér greinir:

12 mánaða starfslaun:

Guðrún Kristjánsdóttir, myndlistarmaður. Jónas Sen, tónlistarmaður. Sigurður Örylgsson, mynd-

listarmaður. Þorsteinn Hauksson, tónskáld.

9 mánaða starfslaun:

Anna Málfr. Sigurðardóttir, tónlistarmaður. Ásgerður Búadóttir, myndlistarmaður. Finnur Torfi

Stefánsson, tónskáld. Gestur Þorgrímsson, myndlistarmaður. Ingólfur Arnarsson, myndlistarmaður. Kristján Guðmundsson, myndlistarmaður. Sigrún Eðvaldsdóttir, tónlistarmaður. Tumi Magnússon, myndlistarmaður.

6 mánaða starfslaun:

Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndlistarmaður. Edda Jónsdóttir, myndlistarmaður. Eyvindur Erlendsson, leikstjóri. Guðbjörg Lind Jónsdóttir, myndlistarmaður. Guðmundur Hafsteinsson, tónskáld. Hannes Lárusson, myndlistarmaður. Haukur Tómasson, tónskáld. Kristinn E. Hrafnsson, myndlistarmaður. Ríkharður Valtingoer, myndlistarmaður. Selma Guðmundsdóttir, tónlistarmaður. Snorri Sigfús Birgisson, tónskáld. Valgerður Bergsdóttir, myndlistarmaður.

3 mánaða starfslaun:

Anna Gunnlaugsdóttir, myndlistarmaður. Auður Hafsteinsdóttir, tónlistarmaður. Guðbergur Auðunsson, myndlistarmaður. Guðbjörn Guðbjörnsson, tónlistarmaður. Guðmundur Á. Sigurjónsson, myndlistarmaður. Guðrún Birgisdóttir, tónlistarmaður. Guðrún Tryggvadóttir, myndlistarmaður. Gunnar Reynir Sveinsson, tónskáld. Hafsteinn Austmann, myndlistarmaður. Hallgrímur Helgason, tónskáld. Hallsteinn Sigurðsson, myndlistarmaður. Helgi Sæmundsson, rithöfundur. Herdís Hallvarðsdóttir, tónlistarmaður. Ingunn Ósk Benediktsdóttir, myndlistarmaður. Jóhanna Þórðardóttir, myndlistarmaður. Jóhanna Þórhallsdóttir, tónlistarmaður. Jóhannes Helgi, rithöfundur. Jón Reykdal, myndlistarmaður. Jónas Arnason, rithöfundur. Lárus H. Grímsson, tónskáld. Leifur Þorsteinsson, ljósmyndari. Martial Nardeau, tónlistarmaður. Pétur Bjarnason, myndlistarmaður. Pétur Grétarsson, tónlistarmaður. Sigríður Ásgeirsdóttir, myndlistarmaður. Sigurður Árni Sigurðsson, myndlistarmaður. Steinunn Þórarinsdóttir, myndlistarmaður. Sveinbjörn Beinteinsson, skáld. Sverrir Guðjónsson, tónlistarmaður. Valgerður Hauksdóttir, myndlistarmaður. Veturliði Gunnarsson, myndlistarmaður. Þorbjörg Pálsdóttir, myndlistarmaður. Þorsteinn Gauti Sigurðsson, tónlistarmaður. Örn Magnússon, tónlistarmaður.

Í úthlutunarnefnd starfslauna áttu sæti Brynja Benediktsdóttir, Magnús Þórðarson og Þórunn J. Hafstein.

YOUR RIGHTS AND DUTIES

A COURSE FOR FOREIGNERS LIVING IN ICELAND

On the 27th of April the Icelandic Red Cross is holding a course for foreigners living in Iceland. This course, will be in English, and is supposed to inform about the Icelandic society, rights and duties of the inhabitants, health and social security, customs etc. The course will be based on a new booklet in English, „Icelandic Law and Icelandic Society“, issued by the Ministry of Social Affairs.

The course will take place at Hótel Lind, Rauðarárstíg 18, Reykjavík, the 27th of April from 10 a.m. to 16 p.m.

Please contact us and register at the Icelandic Red Cross, Rauðarárstíg 18, tel. (91)-26722 before 13 p.m. Friday the 26 of April.

Please notice that no admission fee is charged.

RÉTTUR ÞINN OG SKYLDUR

NÁMSKEIÐ FYRIR INNFLYTJENDUR UM ÍSLENSKT ÞJÓÐFÉLAG

Þann 27. apríl n.k. heldur Rauði kross Íslands námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur flust til Íslands. Námskeiðinu sem haldið verður á ensku er ætlað að fræða um uppbyggingu þjóðfélagsins, réttindi og skyldur þeirra sem hér búa, heilbrigðisþjónustu, menningu og fleira. Nýr bæklingur sem Félagsmálaráðuneytið gaf út verður lagður til grundvallar á námskeiðinu.

Námskeiðið verður haldið laugardaginn 27. apríl á Hótel Lind, Rauðarárstíg 18, Reykjavík og hefst kl. 10 árdegis og lýkur kl. 16 síðdegis.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir kl. 13 föstudaginn 26. apríl hjá Rauða krossi Íslands, Rauðarárstíg 18, í síma 91-26722.

Vinsamlega athugið að aðgangur er ókeypis.



Rauði kross Íslands

Rauðarárstíg 18, 105 Reykjavík, sími: 91-26722